

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 STYKKISHÓLMUR

Garðabær, 28. júní 2024
Málsnúmer: 202406-0004
SS

Efni: Umsögn um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu Helgafellssveitar 2012-2024.

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 4. júní 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 vegna stækkunar á frístundabyggð í Birkilundi í landi Saura.

Skipulagssvæðið er í dag að mestu byggt frístunda- og íbúðarhúsum en stefnt er að því að stækka frístundabyggðina úr 32,9 í 36,4 ha (þó stærð byggðar í gildandi aðalskipulagi sé skilgreind 41,6 ha sem er villa í skipulaginu) og íbúðarbyggð úr 9.6 í 16,2 hektara.

Ekki er um umfangsmikla stækkun að ræða en þó mun hún fela í sér rask á verðmætum vistgerðum t.d. birkikjarri, en birkikjarr í Sauraskógi er eini teljandi birkiskógurinn í Helgafellssveit og talinn allmerkilegur sbr. tilvitnun í Land og Skóg í greinargerð tillögunnar. Náttúrufræðistofnun telur óheppilegt að þessi breyting muni leiða af sér röskun á birkiskógi og telur mikilvægt að horft sé til mótvægisáðgerða.

Ein og sér felur þessi aðalskipulagsbreyting ekki í sér mikla breytingu á núverandi landnotkun og ekki umfangsmikið rask. Aukin umsvif munu þó fylgja stækkuninni og aukið álag á viðkvæmt og verðmætt lífríki svæðisins. Þá ber að nefna að fyrir norðan skipulagssvæðið þar sem heitir Vigrholt er stefnt að mjög umfangsmikilli uppbyggingu nýrrar frístundabyggðar, íbúðabyggðar og verslunar og þjónustu. Er deiliskipulagstillaga á vinnslustigi nú til kynningar og hefur Náttúrufræðistofnun veitt umsögn um þá tillögu og gerði þar ýmsar athugasemdir. Þar kemur fram sem ber að ítreka hér mikilvægi þess að skoðuð sé samlegðaráhrif af þessari uppbyggingu frístunda- og íbúðabyggðar tveggja aðliggjandi svæða og hvaða áhrif það hefur á stöðu verðmætra vistgerða og búsvæða fugla og annarra lífvera innan sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum og á deiliskipulagsstigi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

